

LISTIR

Almætti og einsöngvarar í Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt einsöngvurum og Kammersveit Hallgrímskirkju flytur Jóhannesarpassiuna eftir Jóhann Sebastian Bach undir stjórn Harðar Áskelssonar í kvöld og á föstudaginn langa. Þorvarður Hjálmarsson fór í Hallgrímskirkju og forvitnaðist um verkið hjá flytjendunum og stjórnandanum.

EINSÖNGVARAR á tónleikum verða þau Gunnar Guðbjörnsson tenór sem syngur hlutverk guðspjallmannsins, Davíð Ólafsson bassi sem syngur hlutverk Jesú, Benedikt Ingólfsson bassasöngvari sem fer með hlutverk Pilatusar, Marta G. Halldórsdóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir altsöngvari og Loftur Erlingsson bassi. Þau Davíð og Sigríður eru að koma fram með kórnum í fyrsta skipti og þá er þetta ennfremur í fyrsta skipti sem Gunnar Guðbjörnsson syngur guðspjallmanninn í Jóhannesarpassiunni, en um þessar mundir er hann að syngja í uppfærslum Ríkisóperunnar í Berlín á Töfrflautunni eftir Mosart, og óperu Wagners Tristan og Ísold undir stjórn hins kunna tónlistarmanns Daniels Barenboims.

Vanalegar hvílir hlutverk guðspjallmannsins á herðum tveggja söngvara en Gunnar syngur það einn. Auk þess flytur Gunnar aríur í verkinu, svo óhætt er að segja að hann ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Síðastliðið sunnudagskvöld söng Gunnar undir stjórn Daniels Barenboims í Tristan og Ísold, og á þriðjudaginn eftir páska hefur hann æfingar á Don Giovanni undir stjórn Daníels. Svo verkefnið eru ærin. Ég spurði Gunnar að því hvað hann hefði að segja okkur um hlutverk sitt og verkið?

„Verkið er frábært! Það er ekkert annað um það að segja,“ svaraði Gunnar. „Allt þegar maður syngur Bach þá segir maður að þetta sé eitt stórkostlegasta verk sem Bach skrifaði, en þau eru það öll svo þetta er allt sanngleikur. Þetta er í fyrsta skipti sem ég glími við þennan guðspjallmann en í annað sinn sem ég glími við guðspjallmann yfirleitt. En þessi er dálítið frábrugðinn hinum að því leyti til að hann er lengra kominn í tónlistarlegri þróun Bachs og orðinn allmiklu flókari og kröfurnar eru meiri. Og sagan er mun dramatískari en Jóláratóran, svo þetta er mjög stórt skref fyrir mig að fara í þetta verk. Þetta er gaman og það hvílir mikið á herðum mínum af því að ég syng líka aríur í verkinu, en þær hef ég reyndar sungið áður með Mótettukórnum fyrir einum átta árum þegar ég var enn tiltölulega nýr í þessum bransa. En núna er maður virkilega að fara út í djúpu Bach-laugina.“

Vandrötuð spor

Davíð Ólafsson er Keflvíkingur og lauk áttunda stigi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1997. Samhlíða söngnámi lauk Davíð íslensku- og kennsluréttindaprófi frá Háskóla Íslands. Hausið 1997 hóf Davíð nám við óperudeild Tónlistarskólans í Vínarborg og lýkur prófi þaðan nú í vor. Davíð hefur gert samning við óperuhúsið í Lübeck í Þýskalandi og mun syngja þar næstu tvö árin. Í Jóhannesarpassiunni fetar Davíð í fótspor frelsarans sjálfs.

„Þetta er fyrsta óratóran sem ég tek þátt í á Íslandi og á alheimsvisu,“ segir Davíð. „Og mér finnst það mikill heiður að fá að taka þátt í þessu. Ég hef verið við nám í Vín síðastliðin þrjú ár og er að fara að vinna í Þýskalandi og þetta er ágæt æfing fyrir það sem framundan er, en það er óratóruveisla í Norður-Þýskalandi, vona ég. Hlutverk Jesú er erfitt en vonandi syng ég það fallega. Maður hugsar sér Jesú mildan og blíðan, en þetta er skrifað fyrir bassa og flutningurinn fer fram í stórrí kirkju svo maður þarf stundum að byrsta sig. Maður reynir að gera sér í hugarlund hvernig almætti starfar og það er ekki mjög auðvelt! Hvað getur maður sagt fleira? Jesú er almættið og ég er fulltrúi hans í verkinu. Maður er búinn að sjá svo marga Jesúsa bæði í kvikmyndum og í óratórum, og það nálgast þetta engir tveir menn eins. En ég safnaði skeggi og reyni að vera svolítið blíður á svip og má ekkert aumt sjá lengur. Við Kristur eigum svosem ýmislegt sameiginlegt. Ég er smíðssonur og ég er þrjátíu og eins árs gamall, svo ég er á sama aldri og hann var þegar hann var krossfestur. Ég var síðast að smíða í morgun. En án gamans, það er mjög vandmeðfarid að setja sig spor almættissins.“

Sigríður Aðalsteinsdóttir er fædd og uppalin í Reykjavík en búsett í Keflavík. Hún lauk prófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1995 þar sem kennarar hennar voru þær Elísabet F. Eiríksdóttir og Þuríður Pálsdóttir. Árið 1995 hélt Sigríður í framhaldsnám til Vínarborgar, haustið 1996 hóf hún nám við óperudeild Tónlistarskólans í Vín, þaðan sem hún lauk námi sem óperusöngvari í janúar síðastliðnum. Sigríður hefur komið fram á tónleikum bæði hér á landi og í Austurríki, meðal annars á styrktarfélagstónleikum Íslensku óperunnar haustið 1997. Hún söng alt-hlutverkið í Messíasi eftir Hendel með Schola Cantorum og ungversku Kammerfilharmóníunni í Mara Enzerdorf í Vín síðastliðinn vetur. Sigríður mun á þessu ári meðal annars syngja hlutverk Mercedes í Carmen hjá Þjóðaróperunni í Vín og koma fram á ljóðatónleikum á vegum Listasafns Sigurjóns í sumar.


„Ég syng altariurnar tvær í verkinu, gullfallegar og mjög erfiðar aríur,“ segir Sigríður. „Þetta eru mikilvægir staðir í stykkinu, sérstaklega seinni arían sem ég syng áður en Jesú gefur upp andann. Þetta er mikil dramatík og tæknilega erfitt fyrir söngvara. Að syngja Bach er sennilega besta æfing fyrir röddina sem hægt er að hugsa sér.“

Sviðsmyndin í huga tónleikagesta

Jóhannesarpassiun verður flutt í heild sinni á tónleikumum og tekur flutningur hennar tvær klukkustundir. Sviðsmyndin verður til í huga tónleikagesta, segir Hörður Áskelsson,



Mótettukór Hallgrímskirkju æfir Jóhannesarpassiuna.



Gunnar Guðbjörnsson er kominn heim í stutta heimsókn til að taka þátt í flutningi Jóhannesarpassiunnar.

en þó munu dæmi þess að verkið hafi verið sviðsett og flutt þannig. Í einsöngvarahópnum sem tekur þátt í flutningnum nú, eru flestir að glíma við þetta verkefni í fyrsta skipti. Það er heilmikill áfangi í lífi hvers söngvara að syngja svona verk, eru söngvararnir sammála um. Þá spillir það ekki fyrir að verkið er flutt á föstudaginn langa, en það er sá dagur sem verkið var samið fyrir, enda flutt þann dag í kirkjum víða um heimsbyggðina. Hörður segir það ánægjulegt að geta kallað saman hóp ungra söngvara og veita þeim tækifæri sem þetta. Í leiðinni er athygli fólks vakin á nýjum söngvurum sem eru að feta sig fram í sviðsljósið.

Benedikt Ingólfsson er fæddur á Akureyri þar sem hann stundaði nám í orgelleik í sjö ár. Hann lauk BA-prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1993. Benedikt hefur lokið áttunda stigi í söng frá Tónskóla Sigurveys þar sem aðalkennari hans var John Speigh að undanteknum einum vetri þar sem Benedikt naut leiðsagnar Sigríðar Sæmundsdóttur. Benedikt hefur sungið með ýmsum kórnum og smærri sönghópum, þeirra á meðal Háskólakórnum, Mótettukór Hallgrímskirkju og nú syngur Benedikt í Schola Cantorum og madrigal kvartettinum Grímu. Hann hefur komið fram sem einsöngvari með þessum hópnum og víðar. Í Jóhannesarpassiunni bregður hann sér í hlutverk þrælmannsins Pilatusar.

„Pilatus kemur mest við sögu um miðbik verksins,“ segir Benedikt. „Pilatus er býnsa áhugaverður þrátt fyrir að texti hans sé knappur og nokkuð afmarkaður. Pilatus er stjórnmalamaður, eiginlega hálfgerður drullusokkur sem lætur undan þrýstingi lýðsins þó það sé honum greinilega þvert um geð. Hann er mannlegur líka, það er augljóst að Jesú vekur áhuga hans og það örla jafnvel á heimspekilegum skoðunum í orðræðu þeirra.“

Þá eru ótaldir einsöngvararnir Loftur Erlingsson og Marta G. Halldórsdóttir.

Marta Guðrún Halldórsdóttir lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1988 og stundaði framhaldsnám í München um fimm ára skeið. Hún hefur haldið einsöngstónleika og komið fram á tónlistarhátíðum víða, svo sem á Bachfest í München, á listahátíðum í Reykjavík, Búdapest og í Noregi. Þá hefur Marta verið tíður gestur á Sumartónleikumum í Skálholti þar sem hún hefur tekið þátt í frumflutningi íslenskra verka. Marta Guðrún

hefur einnig farið með hlutverk í óperum og söngleikjum hjá Leikfélagi Akureyrar, Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni.

Loftur Erlingsson nam söng í Söngskólanum í Reykjavík hjá Ásrínu Davíðsdóttur og Guðmundi Jónssyni. Þá nam Loftur söng við The Royal Northern College of Music í Manchester og The National Opera Studio í London, auk þess að sækja einkatíma hjá Sigurði Demetz. Loftur hefur haldið einsöngstónleika, komið fram með kórnum og tekið þátt í flutningi ýmissa stærri kórverka. Meðal hlutverka Lofts er Kalmann í Tunglskinseyjunni eftir Atla Heimi Sveinsson sem frumsýnd var í Peking í Kína í mars árið 1997.

Mikið ævintýri

„Þetta er stór viðburður hjá okkur sem stöndum að þessu,“ segir Hörður Áskelsson. „Það er upplifun að vera þátttakandi í svona flutningi. Margir þrættari þurfa að fléttast saman til að þetta gangi upp, og sem betur fer hafa hlutirnir tilhneigingu til að ganga, þó dagana á undan sé maður bæði á báðum áttum og taugastrekkur. En gleðin sem fylgir þessu er mikil og sérstaklega verður hún ósvikin hér í Hallgrímskirkju. Að flytja Jóhannesarpassiuna á föstudaginn langa verður mikið ævintýri fyrir heimafólkið hér.“

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur nú verið starfandi í sautján ár en hann var stofnaður af Herði Áskelssyni haustið 1982. Félagar í kórnum eru um sextíu talsins á ýmsum aldri. Kórinn flytur aðallega kirkjuleg kórverk án undirleiks frá öllum tímabilum tónlistarsögunnar, en leggur sérstaka áherslu á tónlist tengda Hallgrími Péturssyni og sálnum hans. Auk þess flytur kórinn stærri kórverk ýmist með hljómsveit eða orgeli. Á döfinni er að flytja nýja Hallgrímsspassiuna eftir Hafliða Hallgrímsson á hausti komanda.

Mótettukórinn syngur við helgiathafnir í Hallgrímskirkju og heldur árlega jólatónleika og vortónleika. Kórinn hefur farið í fjölmargar tónleikaferðir innan lands sem utan og heimsótti m.a. Kaupmannahöfn og Lund í Svíþjóð vorið 1999. Þá hefur kórinn tekið þátt í fjölda kirkjulegra tónlistarhátíða, síðast í Gautaborg haustið 1996 en þar vakti flutningur kórsins á verki Jóns Nordals Óttusöngvar á vori mikla athygli. Þá hljómar söngur kórsins á Listahátíðum í Reykjavík auk þess að hljóma á Kirkjulistahátíðum í Hallgrímskirkju.

M-2000

Miðvikudagur 19. apríl. Hafnarhúsið við Tryggvagötu. Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu opnað.

Opnuð verður ný miðstöð lista og menningar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu á vegum Listasafns Reykjavíkur. Fjöldi nýrra sýninga verður opnaður í safninu af þessu tilefni og frumsýnd ný heimildamynd um Erró, en safni hans mun vera búinn staður í Hafnarhúsinu til frambúðar.

Myndlist

Opnuð verður yfirlitssýning á úrvali þeirra listaverka sem eru í eigu Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Sýningin mun eiga sér fastan sess í safninu til framtíðar en verður endurnýjuð í hlutum eftir því sem þörf krefur. Umgjörð sýningarinnar er einkum skipulögð með fræðslustarf safnsins í huga og miðast jafnt við skólafólk, ferðamenn og almenna gesti.

Fabrice Hybert, einkasýning

Á eigin ábyrgð er yfirskrift fyrstu einkasýningarinnar á opunardegri Hafnarhússins. Myndlistamaðurinn Fabrice Hybert (1961) er franskur og hefur vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Hybert vinnur einkum með innsetningar og hugmyndalist þar sem rýmið ákvarðar innihald og framsetningu á hverjum stað.

Erró: Norður-Suður-Austur-Vestur

Heimildamynd um Erró verður frumsýnd kl. 17:00 við opnun hins nýja Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu þar sem Errósafninu hefur verið búinn staður. Hinn 21. apríl verður íslensk útgáfa sýnd á Stöð 2. Leikstjórn: Ari Alexander Ergis Magnússon. Myndin er framleidd af Ergis & Íslensku kvikmyndasamsteypunni.

www.reykjavik.is/listasafn.
www.reykjavik2000.is.
Miðasala Menningarborgar er í Upplýsingamiðstöð ferðamála, Bankastræti 2.

Litskyggusýning í Norræna húsinu

MAGNÚS Einarsson verður með litskyggusýningu í Norræna húsinu á morgun, fimmtudag, kl. 14:30.

Sýningin felur í sér 420 litskyggur af náttúru Íslands á öllum árstíðum sem sýndar eru með fjórum slide-sýningarvélum, auk þess sem tónverkið Pláneturnar eftir G. Holst stýrir því hvernig litskyggurnar birtast hver á fætur annarri, segir í tilkynningu. Sýningin stendur í 53 mínútur. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

Nýjar bækur

● **ÓSÝNILEGA konan** er eftir Sigurði Guðmundsson.

Í fréttatilkynningu segir m.a.: „Í myndlistarmanninum og heims-hornafllakaranum Sigurði Guðmundssyni búa þrjár persónur sem sífellt takast á: Kallinn Sigurður Guðmundsson, Konan Sigurður Guðmundsson og Hulstrið Sigurður Guðmundsson. Þessar persónur lifa lífi höfundar í eitt ár, takast á um verk hans og allt sem fyrir augu ber – horfa á líf hans augum kynjanna þriggja. Þetta ár er höfundur staddur í Kína og sjálfur horfir hann sínum vestrænu augum á menninguna þar eystra.“

Kyngreining Sigurðar á sjálfum sér og þeirri menning sem hann er hluti af færir af sér óvenjulegar og heimspekilegar myndir af tilvist okkar – myndir sem oft eru spaugilegar og á skjön við viðtekna hugmyndir um veruleikann og tungumálið.“

Útgefandi er Mál og menning. Bókin er 182 bls., unnin í Svíþjóð. Verð: 3.980 kr.